

En tíminn skundaði burt...

Áttatíu ára ártíð Guðrúnar Lárusdóttur, alþingismanns og rithöfundar



Guðrún Lárusdóttir fæddist á Valþjófsstað í Fljótssdal 8. janúar 1880. Foreldrar hennar voru Kirstín Katrín Pétursdóttir Guðjohnsen og séra Lárus Halldórsson. Hún var þriðja í sjö barna hópi hjónanna og elst fjögurra barna sem komust til fullorðinsára – hin voru Halldór, Pétur og Valgerður.

Guðrún ólst upp á Eskifirði og Kollaleiru við Reyðarfjörð frá 1888. Fjölskyldan flutti til Reykjavíkur 1899 og bjó þar síðan.

Systkinin fengu heimakennslu hjá foreldrum sínum – bóklega og einnig tónlist og stúlkurnar hannyrðir.

Guðrún giftist 1902 Sigurbirni Ástvaldi Gíslasyni guðfræðingi frá Neðra-Ási í Skagafirði. Þeim hjónum varð 10 barna auðið. Þrjú barnanna létust í bernsku, Kristín Guðrún, Kristín Sigurbjörg og Gústaf, en tvær dætur, Guðrún Valgerður og Sigrún Kristín, drukknuðu með móður sinni í Tungufljóti 20. ágúst 1938.

Börnin fimm sem eftir lifðu voru Lárus, Halldór Ástvaldur, Gísli Sigurbjörn, Friðrik Baldur og Kirstín Lára.

Fjölskyldan bjó frá lokum árs 1906 í húsi sem þau byggðu og kölluðu Ás eftir bernskuheimili Sigurbjörns Neðra-Ási í Hjaltadal í Skagafirði og stendur húsið við Sólvallagötu 23 í Reykjavík. Áður höfðu foreldrar Guðrúnar byggt húsið Sólvallagötu 25 sem nefnt var Hof eftir bernskuheimili sr. Lárusar í Vopnafirði. Heimilið að Ási var mannmargt og gestkvæmt.

Frú Guðrún lést 20. ágúst 1938 aðeins 58 ára að aldri í bílslysi. Bifreið sem hún var farþegi í lenti úti í Tungufljóti og drukknaði hún þar ásamt tveim yngstu dætrum sínum Guðrúnu Valgerði og Sigrúnu Kristínu.



Eftir röð f.v.: Halldór Ástvaldur (1905-1983), Gísli Sigurbjörn (1907-1994), Kirstín Pjetursdóttir Guðjohnsen, móðir Guðrúnar (1850-1940), Friðrik Baldur (1911-1988), Lárus (1903-1974). Nedri röð: Kirstín Lára (1913-2005), Guðrún Lárusdóttir (1880-1938), Sigrún Kristín (1921-1938), Sigurbjörn Ástvaldur Gíslason (1876-1969) og Guðrún Valgerður (1915-1938).

Bæjarfulltrúi og alþingismaður

Guðrún Lárusdóttir var fjölhæf og starfsöm. Hún var kjörin bæjarfulltrúi fyrir Kvennalistann 1912 og gegndi því starfi til 1918. Hún sat í fátækranefnd og skólanefnd. Vinnan í fátækranefndinni var mjög mikil. Guðrún var fátækrafulltrúi í Reykjavík 1918-1921 og aftur frá 1930 til dánardags.

Guðrún var kosin alþingismaður árið 1930 og sat á þingi þegar hún lést. Hún var landskjörinn alþingismaður 1930-1934 og landskjörinn alþingismaður (Reykvíkinga) 1934-1938. Hún var kjörin af lista Sjálfstæðisflokksins og sat alla tíð í efri deild, sat alls á 11 þingum.

Athygli vakti að Guðrún var með sína eigin stefnuskrá sem hún sendi í ávarpi til kjósenda sem birtist á prenti í maí 1930 í aðdraganda Alþingiskosninga. Þar telur Guðrún Lárusdóttir upp þau mál sem hún vill berjast fyrir, verði hún kjörin á þing:

Kristindómsmálin sem hún telur æðst allra mála.

Fátækralöggjöfina sem hún telur nauðsynlegt að verði endurskoðuð rækilega.

Raforkumálið, þ.e. að raflýsa jafnt sveitir sem kaupstaði, ekki síst til að aflétta erfiði húsmæðra.

Tollamálin, þ.e. að aflétta tollum af nauðsynjavöru.

Kvenréttindamálin sem óbeinlínis koma á dagskrá löggjafarþingsins þing eftir þing.

Hún vísar einnig að áfengismálum og telur að illt sé að aftur skuli hafa verið veitt áfengi inn í landið.

Á þinginu beitti hún sér einkum fyrir þeim málum, er henni voru jafnan hugstæðust, ýmsum mannúðarmálum. Má þar nefna fávítahæli, uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglunga og heilsuhæli fyrir drykkjumenn. Húsmæðrafræðslu og menntun kvenna lét hún einnig mjög til sín taka.

Hún var glöggskyggn á menn og málefni, þrýðilega máli farin, þrúð og hógvær í allri framgöngu og þýð í samvinnu, en hélt þó jafnan fram málstað sínum af fullri einurð og skapfestu.

Félagsmálakonan

Þótt Guðrún léti mörg mál til sín taka, þá bar jafnan tvö málefni hæst, trúmálin og mannúðarmálin.

Guðrún gekk, eins og fjölskylda hennar, til liðs við Góðtemplara þegar fjölskyldan flutti til Reykjavíkur. Hún gekk í stúkuna Hlín árið 1900 og var æðsti templar við stofnun stúkunnar Ársólar árið 1907, en sú stúka var eingöngu fyrir kvenfólk. Hún gekk í Hvítabandið 1902 og var í stjórn þess frá 1906-1910. Ásamt móður sinni var hún í stjórn Kvenfélags Fríkirkjusafnaðarins 1901-1902. Kristniboðsfélag kvenna var stofnað á heimili hennar 1904, Guðrún sat í stjórn en móðir hennar veitti félaginu forystu, síðar varð Guðrún formaður þess frá 1926 til dauðadags. Hún var í stjórn KFUK frá 1922 og formaður frá 1928 til dauðadags. Hún var formaður Húsmæðrafélags Reykjavíkur frá 1935 til dauðadags.

Eiginmaður Guðrúnar, Sigurbjörn Ástvaldur Gíslason, var í hópi Samverjanna sem stóðu fyrir matargjöfum fyrir fátæka í nokkur ár fyrir yfir 100 manns. Síðar stóð hann ásamt fleirum að stofnun Elliheimilisins Grundar. Guðrúnar er getið á ýmsan hátt í þessum verkefnum m.a. voru hátíðir fyrir gamalt fólk þar sem hún las sögur og flutti erindi.

„Það á líka við að minnast félagslyndu konunnar, sem tekið hefir mikinn þátt í málefnum og stjórn þeirra fjel., er starfa að þeim málum, sem henni eru hjartfólgnust og með áhuga og ósérplægni staðið fyrir Trúboðsfjelagi kvenna og K.F. U. K. og komið fram sem fulltrúi þessara fjelaga á fundum erlendis og hjer heima.“

Inga L. Lárusdóttir.

Rithöfundurinn og þýðandinn

Guðrún hóf snemma að stunda ritstörf, var aðeins 15 ára þegar hún hóf útgáfu á *Mínervu*, handskrifuðu blaði – sem var skrifuð örk og síðar hálf örk – sem kom út tvisvar í mánuði – þar til hún flutti suður. Hún skrifaði tvö eða þrjú eintök af blaðinu í hvert sinn og efnið í það ýmist samdi hún, þýddi eða tók efni úr öðrum blöðum. Á sama tíma mun hún hafa þýtt efni fyrir blaðið *Framsókn* sem gefið var út á Seyðisfirði.

Tvítug hafði hún þýtt úr dönsku *Spádóma frelsarans* og árið eftir kom út *Tómas frændi*, skáldsaga eftir Harriet Beecher Stowe þýdd úr ensku. Hún var sískrifandi – skáldsögur fyrir ungmenni og fullorðna, smásögur fyrir börn og unglínga, þýddi efni og skrifaði í blöð og tímarit. Nokkrar bóka hennar og sagna voru þýdd m.a. á færeysku og dönsku. Skáldsögur Guðrúnar urðu tólf, sjö af þeim í bókarformi, hinar sem framhaldssögur í blöð. Hún þýddi og endursamdi bækur að hluta m.a. *Móðir og barn*, og skrifaði og þýddi fjölda af smásögum og blaðagreinum.

Ritsafn : skáldsögur, sögur fyrir unglínga, erindi og hugvekjur, með ýmsum verkum Guðrúnar, var gefið út 1949. Lárus Sigurbjörnsson, elsti sonur Guðrúnar, bjó ritsafnið til prentunar.

Á heimleið er ein þekktasta bók hennar og gerði Lárus, að hennar ósk, leikgerð af verkinu 1939 og var það sett upp hjá Leikfélagi Reykjavíkur árið 1940.

„Kristindómurinn var henni súrdeigið, sem gat breytt og umskapað.“

Sr. Þorsteinn Briem.

